

Fundargerð 115. fundar stjórnar SSNV, 4. desember 2024

Miðvikudaginn 4. desember 2024, kom stjórn SSNV saman á Blönduósi. Hófst fundurinn kl. 9.30. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Álfhildur Leifsdóttir, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppbyggingarsjóður SSNV, staða á úthlutunum 2025.
2. 9 mánaða rekstraruppgjör SSNV.
3. Samningur SSNV við Ferðamálastofu.
4. Samningur SSNV við markaðsstofu Norðurlands.
5. Áhersluverkefni SSNV 2025.
6. Kynning á verkefninu Þekkingargarðar.
7. Framlögð mál til kynningar.
 - a. Fundargerðir
8. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Afgreiðslur

1. Uppbyggingarsjóður SSNV, staða á úthlutunum 2025

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir starfsmaður hjá SSNV kom til fundar, kynnti stöðu á úthlutunum úr Uppbyggingarsjóði sóknaráætlunar fyrir árið 2025, og ferli úthlutunarnefndar. Stjórn þakkar góða yfirferð og þakkar úthlutunarnefnd fyrir fagleg störf.

Halldór Gunnar Ólafsson vék af fundi undir þessum lið.

2. 9 mánaða rekstraruppgjör SSNV

Matthías Rúnarsson starfsmaður hjá SSNV kom til fundar á Teams og lagði fram til kynningar 9 mánaða uppgjör SSNV. Rekstur er almennt skv. áætlun. Stjórn þakkar góða yfirferð.

3. Samningur SSNV við Ferðamálastofu

Samningur Ferðamálastofu við Markaðs- og áfangastaðastofu Norðurlands lagður fram til kynningar. Framkvæmdastjóra falið að klára samning samkvæmt samtali og undirrita fyrir hönd SSNV.

4. Samningur SSNV við Markaðsstofu Norðurlands

Yfirferð um stöðu samninga. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka upp samning við Markaðsstofu Norðurlands og hefja vinnu að nýjum samning.

5. Áhersluverkefni SSNV 2025

Drög að áhersluverkefnum lögð fram til kynningar af Davíð Jóhannssyni, Magnúsi Barðdal og framkvæmdastjóra SSNV. Stjórn þakkar góða umræðu og yfirferð.

6. Kynning á verkefninu Þekkingargarðar

Magnús Barðdal starfsmaður hjá SSNV kom til fundar og kynnti verkefnið „Þekkingargarðar“. Stjórn þakkar góða yfirferð.

7. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SSA, 25. október 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 25. nóvember 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 18. nóvember 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 4. nóvember 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSS, 13. nóvember 2024. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Vestfjarðarstofu, 30. október 2024. [Fundargerðin.](#)

8. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplasin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:00.

Einar E. Einarsson,
Álfhildur Leifsdóttir,
Magnús Magnússon,
Guðmundur Haukur Jakobsson,
Halldór Gunnar Ólafsson,
Katrín M. Guðjónsdóttir.